



Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar

Laugardaginn 14. mars 2015

í fundarsal í KR-heimilinu við Frostaskjól

Mætt eru:

Gylfi Guðmundsson (GG) (Félagshúsi), Hallbjörn S. Bergmann (HSB) (Bentshús e.hæð), Úlf Bergmann (ÚB) (Bentshús e.hæð), Svava Sigurðardóttir (SS) (Eyjólfshús vestur), Þorvarður L. Björgvinsson (PLB) (Bræðraminni), Kristinn Nikulásson (KN) (Bentshús n.hæð), Guðlaug Halla Birgisdóttir (GHB) (Bentshús n.hæð), Valgeir Gunnarsson (VG) (Eyjabergi), Hörður Gunnarsson (HG) (Vesturbúðir), Aðalheiður Sigurðardóttir (AS) (Vogur), Guðmundur Lárusson (GL) (Vogur), Daði Heiðar Sigurþórsson (DHS) (Bræðraminni), Bylgja H. Baldursdóttir (BHB) (Byggðarenda), Baldur Ragnarsson (BR) (Byggðarenda), Guðrún Marta Ársælsdóttir (GMÁ) (Byggðarenda), Valdimar Valdimarsson (VV) (Strýta), Gyða Steinsdóttir (GSt) (Sunnuhvöll), Kristín Ingimarsdóttir (KI) (Sólbakka), Ingunn K Jakobsdóttir (IKJ) (Vorsalir), Þorsteinn Bergsson (ÞB) (Gunnlaugshús), Valgerður Bergsdóttir (VB) (Gunnlaugshúsi), Heimir Sigurðsson (HS) (Skóláhús vestur), Gunnar Sveinsson (GSv) (Eyjólfshús vestur)

Fundarefni: samkvæmt lögum félagsins

1. Skýrsla stjórnar um störf ársins
2. Reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og samþykktar
3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár lögð fram til umræðu og samþykktar
4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins
5. Kosning stjórnar og formanns skv. gr. 3.1.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi annarra félaga
7. Skýrslur annarra félaga eða nefnda tengdum Flatey sem óska eftir að gera grein fyrir starfi sínu
8. Önnur mál

Formaður FFF, Gyða Steinsdóttir setti fundi og bauð fundarmenn velkomna. Stungið var upp á Þorvarði L. Björgvinssyni sem fundarstjóra og Gunnari Sveinssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar

GSt, formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar þar sem greint var frá helstu verkefnum stjórnar á starfsárinu. Vetrarhátíð FFF var haldin 8. mars og var í höndum Vesturbúðafólks. Hátíðin tókst með miklum ágætum, veitingar frábærar og skemmti fólk sér vel. Umhverfisverðlaun voru afhent á Vetrarhátíðinni til eigenda Frystihússins vegna ásyndar hússins og umhverfi þess. Stjórn FFF hélt fimm stjórnarfundum á árinu og var unnið að hinum ýmsu verkefnum.

Hefðbundið, skipulagt **hreinsundarstarf** FF í Flatey var heldur minna en áður en reglubundin hreinsun á sér stað af hálfu húseigenda stöðugt.

Brunavarnir hafa verið á oddinum í starfi FFF á árinu og hefur HG leitt það mikilvægt starf og ýtt á að Flatey komist inn í brunavarnaráætlun Reykhólahrepps. Um Hvítasunnu var haldin brunaeving í Flatey og stefnt er að því að slík æving verði haldin árlega í Flatey.

Sjóvarnir hafa verið mikið til umræðu og hafa Hörður Gunnarsson, Vesturbúðum og Þorsteinn Bergsson hjá Minjavernd og Gunnlaugshúsi verið tengiliðar við vinnuhóp um sjóvarnir í Flatey og sérfræðinga hjá Siglingadeild Samgöngustofu. <http://www.samgongustofa.is/siglingar/> Gert er ráð

fyrir fjármagni í verkefnið á samgönguáætlun 2016 og er því mikilvægt að tengiliðir FF fái reglulega upplýsingar um þá vinnu sem tengist þessu fjármagni og veiti Reykhólahreppi stuðning til að fylgja málinu eftir gagnvart stjórnvöldum.

Stígagerð í Flatey var ætlað að halda áfram samkvæmt áætlun og fjármagni til verkefnisins en að óviðráðanlegum orsökum var framkvæmdum frestað til vorsins 2015. Forgagnsröð framkvæmda er tenging stígs við brennu og afmarka brennusvæðið í samráði ábúendur og síðan áningarstaðir við Lundaberg og Tröllenda. Ef fjármagn leyfir verður farið í fleiri verkefni samkvæmt tillögu Heimis Sigurðssonar á aðalfundi FFF í mars 2014. Af öðrum ólöstuðum hefur HS unnið gífurlega gott og mikilvægt starfs fyrir FFF og Flateynga í stígaverkefni í Flatey. Stjórn FFF þakkar honum óeigingjarna vinnu og óskar eftir að hann starfi áfram með stjórninni að verkefninu.

Flokkun sorps í Flatey eru í góðum farvegi og var sorpflokkunarspjaldi af hálfu FFF dreift í öll hús í Flatey en KI Sólbakka hefur séð um að leiða þetta verkefni. Rætt var við starfsmann Íslenska gámafélagsins sem staðfesti væntingar félagsins að vel hefur tekist til um sorpflokkun s.l. sumar. Áberandi var hvað pappírsflokkun hefur aukist umtalsvert en alltaf má betur gera.

Vinnu við **heimasíðu** Framfarafélagsins var haldið áfram á árinu með innleiðingu á nýrri síðu og uppfærslu síðunnar í heild sinni. Fjármagn þessa verk hefur fengist af hagnaði síðastu Vetrarhátíðar samkvæmt ákvörðun stjórnar FFF þar að lútandi. Fyrir hönd félagsins hafa Kjartan Ragnarsson og Svava Sigurðardóttir komið að þeirri vinnu ásamt Heimi Sigurðssyni, Gunnari Sveinssyni og Einari hjá Emstrum- vefsíðugerð. Stjórnin hefur ákveðið að skipa ritstjórn um heimasíðuna og verður lögð fram tillaga á aðalfundi vegna þessa. Skipan ritnefndar er samkvæmt tillögu FFF; Heimir Sigurðsson, Skólahúsi, Teitur Atlason, Ásgarði, Margrét Gestsdóttir, Sólheimum, Kristinn Nikulásson, Bentshúsi og Svava Sigurðardóttir fyrir hönd stjórnar. Heimi Sigurðssyni og Gunnari Sveinssyni voru þökkuð þeirra störf í þágu heimasíðugerðar en án þeirra hefði verkefnið ekki gengið svona vel.

Sameiningarmál hafa verið á döfnni og hafa íbúar Flateyjar sent erindi til Stykkishólmsbæjar og óskað eftir upplýsingum um viðhorf bæjarins þess efnis að stjórnarsýsla Flateyjar verði flutt í Stykkishólm. Fékk málið formlega afgreiðslu og var bæjarstjóra falið að kynna málið fyrir forsvarsmönnum Reykhólahrepps og Innanríkisráðuneyti. Fram hefur komið að Reykhólahreppur er tilbúin til viðræðna um málið.

Málefni **friðlandsins í Flatey** hefur í vinnslu hjá Umhverfisstofnun vegna samræmingar tímamarka fyrir friðun varpsvæðis Þórshananans. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnu er stefnt að því að hefja vinnu við gerð verndar- og stjórnunaráætlun friðlandsins í Flatey á þessu ári og verður óskað eftir fulltrúa FFF í samstarfsnefnd um verkefnið.

Breeam verkefninu verður áfram haldið og mun HS kynna málefnið sérstaklega á fundinum en KI er tengiliður stjórnar við verkefnið. HS og KI var þakkað þeirra framlag til verkefnisins.

Baldur og samgöngur við Flatey komu eðlilega til umræðu. Ný ferja tók við siglingum yfir Breiðafjörð í vetur. Reynslan af hinum nýja Baldri er að Baldursmenn hafa ekki alltaf treyst sér að bryggju í Flatey það sem af er vetri í vöndum suðvestan og vestan áttum. Staðfest er að viðræður hafa verið á milli Eimskips og eigenda Sæferða ehf um sölu fyrirtækisins til Eimskips. Ekki hefur verið gengið frá samningi enn og í vinnslu er 3ja ára samningur um siglingu Baldurs um Breiðafjörð þar sem núverandi samningur (við Vegagerðina) rennur út 31. maí n.k. Ekkert bendir til þess að samgönguþjónusta við Flatey muni skerðast við væntanleg eigendaskipti og mun stjórn FFF fylgjast náið með framvindu þessa máls og jafnframt mun stjórnin leita eftir upplýsingum frá Vegaferðinni um samning við Sæferðir varðandi viðkomur í Flatey.

Að lokum þakkað GSt Kjartani Ragnarssyni fyrir gott samstarf á sl ári en hann mun ekki gefa kost á sér til frekari stjórnarsetu.

Skýrsla stjórnar var síðan samþykkt samhljóða.

2. Reikningar félagsins lagðir fram

SS, gjaldkeri félagsins lagði fram og skýrði reikninga félagsins og einstaka liði þeirra. Greint var frá því að framsetning ársreiknings væri örlítið breytt frá fyrri árum á þann veg að fyrra ár (2013) er nú tilgreint til samanburðar. Samtals voru tekjur félagsins **1,20 millj** þ.a. námu félagsgjöld 155 þús og

aðgangseyrir Vetraráttíð 883 þús. og styrkir frá Samskipum 100 þús og frá skemmtiferðaskipi til Flateyjar að upphæð 60 þús. Rekstargjöld numu samtals tæplega **1,1 millj** þ.a. var kostnaður við Vetraráttíð 680 þús og vegna uppfærslu heimasíðu 343 þús, annar kostnaður um 47 þús. Hagnaður var 145 þús. Eignir félagsins eru **1,04 millj** aðallega inneign á bankareikningi en ógreidd félagsgjöld eru 120 þús. Skuldir eru engar. SS sagði að hækkun ógreiddra félagsgjalda milli ára stafaði af því hve seint innheimta þeirra var send út á árinu en 31 hús og húshlutir greiða til félagsins. Hagnaður af Vetraráttíð nam 204 þús. Reikningar félagsins eru endurskoðaðir og undirritaðar af kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins þeim Katrínu Baldvinsdóttir, Eyjólfshúsi og Kristni Nikulássyni, Bentshúsi.

Í umræðu um ársreikninga félagsins var all mikil umræða um komu skemmtiferðaskipa til Flateyjar og möguleikar á gjaldtöku t.d. í formi hafnargjalda, tonnagjalda eða farþegagjalda af þessum skipum. Greint var frá því að Reykhólahreppur telur erfiðleikum bundið að innheimta hafnargjöld vegna stöðu Flateyjarhafnar en málið er í skoðun þar á bæ. Reikningar Framfarafélags Flateyjar 2014 voru síðan samþykktir samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun ásamt tillögu um félagsgjald fyrir næsta starfsár

SS, gjaldkeri félagsins kynnti og fór yfir fjárhagsáætlun FF þar sem gert er ráð fyrir tekjum að upphæð frá 175 þús upp í 206 þús eftir upphæð árgjalds (kr. 5.000 eða kr. 6.000.-) Rekstrargjöld eru 96,5 þús. Lagt var til að félagsgjöld hækki úr kr 5.000.- í kr. 6.000.- fyrir hús/húshluta. Fram kom tillaga frá PLB um að hækka félagsgjald upp í kr. 10.000.- og þar sem þessi tillaga gengur lengra en tillaga stjórnar var hún tekin til atkvæðagreiðslu fyrst. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fjárhagsáætlun félagsins og tillaga um félagsgjald að upphæð kr. 10.000.- var síðan samþykkt samhljóða.

Í kjölfar samþykktar um hækkun félagsgjalda í kr. 10.000.- gerði KN það að tillögu sinni í ljósi hærri tekna félagsins að hluti þessara tekna yrði varið til kostnaðar við vinnslu mynda og öflun þeirra til að setja á heimasíðu félagsins. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

4. Tillögur til breytinga á lögum félagsins

Ekki komu fram neinar tillögur undir þessum lið.

5. Kosning stjórnar og formanns

Á síðasta aðalfundi FF 2014 var formaður félagsins kosinn til tveggja ára og þarf því ekki að kjósa um formann félagsins. GSt. greindi frá því að Kjartan Þór Ragnarsson hyggist hverfa til starfa á öðrum vettvangi og gæfi þ.a.l. ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Honum var þakkað góð störf í þágu félagsins.

Stungið var upp á að Daða Heiðar Sigurþórsson úr Bræðraminni sem nýjum stjórnarmanni félagsins og jafnframt þremur öðrum sitjandi stjórnarmönnum þeim Herði Gunnarssyni, Kristínu Ingimarsdóttir og Svövu Sigurðardóttir. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Stungið upp á áframhaldandi störfum Katrínu Baldvinsdóttir og Kristinn Nikulásson við endurskoðun og áritun reikninga félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

7. Skýrslur annara félaga eða nefnda tengdum Flatey

- **Kirkjustjórn/sóknarnefnd Flateyarkirkju**

GSv greindi frá störfum kirkjustjórnar/sóknarnefndar Flateyarkirkju á síðasta ári. Fram kom í máli hans að verkefni tengd kirkunni hefðu verið eitthvað minni eftir það mikla framkvæmdaár 2013 þar sem farið var í viðgerðir á listaverkunum í kirkjunni og kirkjan öll tekin í gegn utan og innan ásamt gagngerum endurbótum og uppgerð á harmóníum (orgeli) kirkjunnar sem og stígagerð upp að kirkju. Í lok ágústmánaðar komu þau hjónin Baltasar og Kristjana út í Flatey til að taka myndir af listaverkunum í kirkjunni. Ráðgert er að gefa út smábók um Flateyarkirkju þar sem listaverkin eru kynnt, listamaðurinn Baltasar og sögð saga

kirkjunnar. Smábókin er hugsað sem liður í kynningu kirkjunnar og Flateyjar og verður seld til ferðamanna og velunnara kirkjunnar. Af öðrum verkefnum á árinu má nefna uppsetningu upplýsingatafla í anddyri kirkjunnar, tiltekt á umhverfi og vinna við málun og fegrun kirkjunnar og kirkjugarði. Grindverkið umhverfið kirkjugarðinn var lagfært og málað s.l. sumar og stóðu þar að verki Myllustaðabændur með Ella í broddi fylkingar. Flateyjarveitur lögðu vatnslögn upp að Klausturhólabrunni og settur niður brunahani sem hugsaður er fyrir kirkjuna og hús í nágrenni. Hugað verður að öflun brunaslanga í framhaldinu enda er þetta liður í að efla brunavarnir í kirkjunni.

Til stendur á næstunni að fara í endurnýjun á rafmagnslögnum og rafmagnstöflu kirkjunnar sem er barn síns tíma. Jafnframt er ráðgert að girða umhverfis kirkjuna og lagfæra glugga í kirkjuturni.

Kirkjugarðurinn í Flatey þykir einstæður fyrir margra sakir. Sá fjöldi stakketta, minningarmerkja og sérstæðra legsteina þykir einsdæmi hér á landi og hefur framkvæmdastjórn Kirkjugarða Íslands sýnt þessu mikinn áhuga og velvilja með málun og lagfæringu á minningarmerkjum og stakkettum garðsins. Upp eru hugmyndir um endurbótum í garðinum með lagningu göngustíga, uppsetningu borðs og bekkja til að setjast niður og uppsetningu upplýsingatöflu um garðinn og þá fjölmörgu sem hér hvíla. Fjölmargir afkomendur þeirra sem hvíla í garðinum hafa sýnt þessu verkefni mikinn áhuga. Sérstakar þakkir eru færðar þeim Myllustaðabændum og Eðvarði Heimissyni og Bjarna Þór Karlssyni sem hafa tekið garðinn „í fóstur“ og séð um allan slátt og viðhald.

- **Fjáröflunarnefnd Flateyarkirkju**

GSv greindi frá störfum fjáröflunarnefndar kirkjunnar á síðasta ári. Innan fjáröflunarnefndar kirkjunnar hefur um nokkurn tíma verið uppi umræða um hlutverk kirkjunnar og nýtinga hennar ekki bara fyrir trúarlegar athafnir. Rætt hefur verið um kaup á hljóðfæri fyrir menningarlega viðburði sem haldnir eru í kirkjunni s.s. fyrir sönghópa, kóra, einsöngvara og ýmsa menningarlega viðburði sem þarfnast undirspils en ekki orgel tónlistar. Nú þegar hefur verið myndaður sjóður með myndarlegu framlagi afkomenda Sigríðar Ólafsdóttir úr Svefneyjum og nemur inneign í sjóðnum um 500 þús. króna. Sá mikli tónsnillingur Atli Heimir Sveinsson er fjáröflunarnefndinni til trausts og halds í þessu góða máli.

Í lok október var farin hin árlega „dósaferð“ út í Flatey til að ganga frá, telja og búa um til flutnings afrakstur sumars í söfnun á einnota dósum, flöskum og plasti. Söfnunin skilaði kirkjunni um 400 þús króna sem nægir til að greiða fyrir rafmagn, hita og fasteignagjöld kirkjunnar. Góðar kveðjur og þakkir eru færðar öllum sem lögðu þessari söfnun lið.

Sala á sölugripum fjáröflunarnefndarinnar gekk vel á árinu og hefur skilað góðum tekjum til Flateyarkirkju. Að lokum var greint frá hugmyndum um að endurnýja söfnunarkassana fyrir dósasöfnun en þeir eru komnir nokkuð til ára sinna. Hilmar Jónsson arkitekt á Myllustöðum var fenginn til að teikna upp aðstöðu fyrir þessa söfnun þar sem umhverfið og ásýndin er höfð að leiðarljósi. Vonast er til að framkvæmdir geti hafist innan tíðar.

Í þessu sambandi greindi GSv frá væntanlegri útkomu stórmerkilegrar bókar á vegum Ævars Petersen fuglafræðings og hins sanna Flateyings sem hefur safnað örnefnum í Flatey til fjölda ára. Þessi merkilega söfnun hefur nú verið bundin í bók og til stendur að gefa hana út fljótlega. Verið er að leggja síðustu hönd á útgáfu, ljúka við kortagerð, finna stuðnings- og styrktaraðila og semja við útgefanda. Skorar er á Flateyinga að leggja þessu stórmerka verki lið og kaupa bókina þegar hún kemur út og jafnvel í fyrirframsölu.

Að lokum þakkaði GSv öllum þeim fjölmörgu sem komið hafa lagt Flateyarkirkju lið á árinu og stutt við bakið á fjáröflunarnefndinni með kaupum sínum á sölugripum hennar og komið að sölu þeirra.

- **Vistvæn Flatey og Breeam verkefnið**

HS fór lauslega yfir þetta mikilvæga verkefni fyrir Flatey en benti fundarmönnum síðan á að lesa skýrsluna í heild sinni á heimasíðu Framfarafélagsins. Slóðin er; <http://www.flatey.com/sites/default/files/Vistv%C3%A6n%20Flatey%20B%20C%20%20%2001%2009%2014%20-1.pdf>

Sagt var frá því að sótt hefði verið um styrk hjá Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar til þessa verkefni og hefðu margvísleg gögn, upplýsingar og ofangreind skýrsla látin fylgja umsókn. Allt það góða fólk hjá Arkis er þokkuð frábært starf í þessari vinnu.

8. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál varð all mikil umræða um komu skemmtiferðaskipa til Flateyjar. Þar kom m.a. fram. **GL** taldi að Flateyingar hefðu „fulla burði til að innheimta gjöld af skemmtiferðaskipum“. [Ekkert bannaði Hafnarsjóði Reykhólahrepps að útvista innheimtu af þessum skipum t.d. til Framfarafélagsins og beindi hann þeim tilmælum til félagsins að sækjast eftir þessu.](#) **HSB** benti á að lítið aðstaða væri í landi fyrir móttöku ferðamanna af slíkum skemmtiferðaskipum enda renndu þeir beint upp í Vesturbúðarvör á gúmmibátum með ferðamennina. Gerði hann [að tillögu sinni að Framfarafélagið hefði frumkvæði af því að byggja upp bryggjuna í Nýjuvör](#) en þá skapaðist góð aðstaða fyrir móttöku ferðamanna af skemmtiferðaskipum.

VB spurðist fyrir [um hvort Flateyingar hefðu yfirleitt einhvern aðkomurétt að þessum heimsóknnum skemmtiferðaskipa til Flateyjar](#). Í svari FFF kom fram að óvíst er að svo sé þó réttur húseiganda og ábúenda sé alltaf all nokkur. För ferðamanna um landið er skilgreindur í lögum en rétt væri að skoða þetta mál sérstaklega með fyrirspurn til Reykhólahrepps og annara tilbæra aðila.

Í framhaldi af þessum fyrirspurnum urðu enn frekari umræða um aðkomu Flateyinga að slíkri innheimtu af skemmtiferðaskipum, hvert væri viðhorf Reykhólahrepps í þessu máli en bent var á að öðrum stöðum á landinu fari slík innheimta fram í formi hafnargjalda, tonnagjalda eða farþegagjalda. Hugsanlega yrði breyting á viðhorfi sveitarfélagsins til innheimtu ef Flatey tilheyrði öðru sveitarfélagi. Botninn í þessa umræðu sló **HG** með orðunum „[Látum ekki þessa auðlind sigla framhá Flatey án þess að Flateyingar njóti](#)“.

Í lokin bent GSt á að FFF hefur þegar gerð skriflega fyrirspurn til Reykhólahrepps um þetta mál.

GSt óskaði síðan eftir að eftirfarandi ákvörðun stjórnar FFF yrði færð sérstaklega til bókar varðandi heimasíðu Framfarafélagsins.

[Stjórn FFF ákvað á síðasta fundi félagsins að skipa ritstjórn um heimasíðuna. Lögð verður fram tillaga stjórnar um skipun hennar; Heimir Sigurðsson, Skólahúsi, Teitur Atlason, Ásgarði, Margrét Gestsdóttir, Sólheimum, Kristinn Nikulásson, Bentshúsi og Svava Sigurðardóttir fyrir hönd stjórnar.](#)

Í lok fundar þakkaði fundarstjóri stjórn Framfarafélagsins fyrir góð störf á árinu og fundarmönnum fyrir góðan fund og umræðu

Fundarritari GSv